

um frumv. til laga um maurdrepandi aukabað á sauðfje.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndar.

Tilgangurinn með frumv. þessu er að sjálfsögðu sá, að gera nú tilraun til að útrýma fjárkláða úr landinu. Kemur þá tvent til athugunar: hvort líklegt sje að slík tilraun takist og hvort landinu sje sú hætta búin af þessu faraldri, að rjettmætt sje nú að verja mjög miklu fje til slíkrar tilraunar.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að tilraunir þær, sem gerðar hafa verið til útrýmingar á fjárkláða, hafi fyllilega sýnt það, að útrýmingarböðun er lítt treystandi. Að vísu er það fullsannað, að slingurslaust má lækna kláðann, ef böðunin er samviskusamlega framkvæmd, enda tekst bændum það fyllilega, þegar kláði kemur upp og um hann er skeytt, en með böðun á öllu sauðfje landsins verður naumast haft svo gott eftirlit, að nægi til þess að ekki sleppi nokkrar kindur undan, sem síðan sýkja frá sjer. Þegar Myklestad reyndi til að útrýma kláðanum, var alt grunsamt fje tvi- eða þriðað og vandlega grafið eftir hvar nokkur vottur fyndist um veikina. Henni var þá alveg útrýmt í flestum sveitum og hvarf hún þar algerlega svo árum skifti, en í sumum tókst böðunin ekki betur en svo, að kláðans varð vart á stöku stað nokkru eftir og honum því ekki til fullnustu útrýmt. Eigi að síður bar þó þessi tilraun þann mikla árangur, að bæði lærðu bændur að þekkja kláða, greina fjárkláða frá óþrifakláða og að lækna hann. Þessi þekking gefur nú mikla von um það, að á fleirum árum takist að útrýma kláðanum, *með því að elta hann uppi, hvar sem hann gerir vart við sig*, en aftur höfum vjer litla von um að tvíböðun eitt sinn um land alt takist nú þeim mun betur en fyr, að kláðanum verði útrýmt.

Þá er að líta á útbreiðslu kláðans og hve mikil hætta landinu stafi af honum. Í þessu skyni höfum vjer athugað skýrslu Stjórnarráðsins um fjárkláðann frá síðastliðnu ári. Þær telja að kláða hafi orðið vart í 7 sýslum og að eins á 12 bæjum, en vjer höfum þó orðið þess varir, að skýrslur þessar eru ekki allskostar rjettar. Vjer höfum frjett til kláða í 11 sýslum, og að minsta kosti í 2 þeirra mun hann ekki vera sjaldgæfur. Eigi að síður fáum vjer ekki betur sjeð en að hætta sú, sem af veikinni stafar, sje tiltölulega lítil, einkum fyrir þá sök, að hverjum bónda er í lófa lagið að lækna hann, ef vilji er til þess. Vjer teljum það fult svo líklegt, að kláðinn verði sjaldgæfari með ári hverju, eftir því sem almenningi

verður ljósara hve nauðsynlegt er að losa sig við þennan óþrifakvilla, en verði reyndin sú, að hann útbreiðist, þá teljum vjer fyrst kominn tíma til þess að gera tilraun með tvíþöðun um land alt. Af þessum ástæðum leggjum vjer til að deildin felli frumvarp þetta. Aftur virðist oss brýn nauðsyn að kláðalögunum frá 1901 sje rækilega hlýtt og beitt og skýrslur um kláðann betur úr garði gerðar en nú er.

Alþingi 13. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf.,
form.

Guðm. Hannesson,
ritari.

Jóhann Eyjólfsson.

Hjörtur Snorrason.

Björn Hallsson.

Sigurður Sigurðsson.